

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Grindavíkurbæ.

1. gr.

Grindavíkurbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla samþykkta um fráveitum í Grindavíkurbæ nr. 140/2015.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera eftirfarandi:

Einbýlis-, par- og raðhús	á hverja íbúð	194.967 kr.
Fjölbýlishús	á hverja íbúð	58.489 kr.
Annað húsnæði	hver tenging	214.460 kr.

Gjöld skv. þessari grein miðast við byggingarvísítolu í janúar 2019 (142,1 stig) og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísítolunni.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema sem hér segir:

- a. Fasteignir skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga:
0,075% af álagningarstofni.
- b. Fasteignir skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga:
0,250% af álagningarstofni.
- c. Fasteignir skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga:
0,2% af álagningarstofni.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera 20.000 kr. Gjalddagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við úтиhús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin má taka lögtaki í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 30. apríl 2019 og sett með vísan til 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, með síðari breytingum og 25. gr

Nr. 469

6. maí 2019

laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur í Grindavíkurbæ nr. 140/2015.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1155/2018.

Grindavíkurbæ, 6. maí 2019.

Fannar Jónasson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2019